

Formáli ritstjóra

Ritröð Guðfræðistofnunar kemur nú út í sjötta sinn sem nettímarit. Sá útgáfuháttur hefur gefist vel, enda er tímaritið nú öllum opið og mögulegur lesendahópur þess stærrí en áður. Annar kostur er sá að útgáfan er ekki jafn bundin fjölda og umfangi greina. Í fyrirleggjandi hefti eru þrjár greinar, einn fyrirlestur og einn ritdómur.

Gunnlaugur A. Jónsson skrifar um heilagleikahugtak Gamla testamentisins í ljósi myndunarsögu Jesajaritsins, en hugtakið gegnir afar mikilvægu hlutverki í ritinu, t.a.m. í köllunarfrásögn Jesaja í 6.1–8. Gunnlaugur færir rök fyrir því að kaflar 1–39 (Jesaja fyrsti) hafi orðið til í öðru sögulegu samhengi en kaflar 40–55 (Jesaja annar) (Jesaja þriðja má síðan finna í köflum 56–66). Með hliðsjón af kenningu Rudolfs Ottos um tvær hliðar heilagleikans eru ennfremur færð rök fyrir því að heilagleiki Guðs birtist með talsvert öðrum hætti í Jesaja fyrsta en í Jesaja öðrum.

Hjalti Hugason skrifar um nýútkomið ljóðasafn skáldsins Vilborgar Dagbjartsdóttur, nánar tiltekið flokk ljóða sem kalla má biblíuljóð sem Hjalti beinir sjónum sínum að í ljósi lútherskrar biblíukveðskaparhefðar. Gerður er samanburður á þessari kveðskaparhefð og biblíuljóðum Vilborgar, háttur hennar við að beita biblíuefninu kannaður og túlkun hennar greind, ásamt því að leita svara við spurningunni um hvort ljóð hennar séu í raun og veru trúarleg.

Sólveig Anna Bóasdóttir fjallar um hvort trú geti leitt til ofbeldis. Í því ljósi greinir hún bókina *When Religion Becomes Evil* eftir Charles Kimball (2002), einkum út frá þeim fimm „viðvörunarljósum“ sem Kimball telur vera undanfara þess að trú leiði til ofbeldis. Þessi viðvörunarljós eru: óvæfengjanlegar staðhæfingar, blind hlýðni, hugmynd um fullnustu tímans eða úrslitastund sögunnar, sannfæring um að tilgangurinn helgi meðalið og yfirlýsing um heilagt stríð. Sólveig Anna bendir á að hugtakið trú sé oft fremur óljóst í þessari orðræðu. Nauðsynlegt sé að meta vægi aðgreiningarinnar milli hins trúarlega sviðs og hins veraldlega í þessu sambandi.

Í fyrirlestri sínum, sem fluttur var á predikunarseminari í Skálholti 25. október 2016, fjallar Wilfried Engemann um viðleitni manneskjunnar til að koma fram í dagsljósið og lifa lífi sínu í ljósi trúarinnar. Andspænis veruleika syndarinnar leggur Engemann áherslu á mennskuhugtak, mótað af mannfræði sem undirstrikar getu mannsins sjálfs til lífs.

Að endingu skrifar Jón Ásgeir Sigurvinsson ritdóm um nýlega bók Gunnlaugs A. Jónssonar, *Ábrifasögu Saltarans* (2014).

Rúnar M. Þorsteinsson